



STARFSSKÝRSLA 2016 TIL 2017



LANDSSAMTÖK LÍFEYRISSJÓÐA

**STARFSSKÝRSLA
2016-2017**



Umsjón: Þórey S. Þórðardóttir

Prentvinnsla: Oddi, umhverfisvottuð prentsmiðja 

Kápu mynd: Þrjár kynslóðir

Ljósmyndari: Gunnar Svanberg

EFNISYFIRLIT

Ávarp stjórnarformanns	4
Stjórn og starfsfólk	8
Hlutverk Landssamtaka lífeyrissjóða	10
Aðalfundur Landssamtaka lífeyrissjóða 2016	11
Yfirlit yfir starfsemi Landssamtaka lífeyrissjóða frá aðalfundi 2016	14
Starfsnefndir Landssamtaka lífeyrissjóða	15
Erlent samstarf	28
Fundir, ráðstefnur, námskeið o.fl.	29
Aðildarsjóðir Landssamtaka lífeyrissjóða	32
Ársreikningur 2016	33
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	35
Áritun óháðs endurskoðanda	36
Rekstrarreikningur ársins 2016	38
Efnahagsreikningur 31. desember 2016	39
Sjóðstreymisyfirlit ársins 2016	40
Skýringar	41

ÁVARP STJÓRNARFORMANNS



Þótt róðurinn á fjármálamörkuðum hafi reynst lífeyrissjóðunum þungur á liðnu ári hafa í ýmsum efnum orðið framfarir og umbætur í starfsumhverfi sjóðanna.


Sterkt gengi krónunnar, lækkandi vextir og verð á hlutabréfum settu svip sinn á afkomu sjóðanna á árinu. Raunávöxtun árið 2016 var mun lakari en undanfarin ár og er áætluð um -0,3%. Undanfarin ár hefur raunávöxtunin verið yfir 3,5% sem stuðst er við í tryggingafræðilegu uppgjöri sjóðanna. Lífeyrissjóðir eru langtímafjárfestar og því skiptir sköpum hvernig til tekst þegar lítið er til lengri tíma. Raunávöxtun sjóðanna undanfarin fimm ár var 5,6% að jafnaði (2012–2016) og 0,8% undanfarin 10 ár (2007–2016).

Heildareignir lífeyrissjóðakerfisins námu um 3.514 milljörðum króna í lok árs 2016. Kerfið fer ört stækkandi og hafa umræður um áhrif þess á hagkerfi landsins verið háværar. Landssamtökin telja mikilvægt að fagleg rýni eigi sér stað á áhrifum lífeyrissjóðakerfisins og hefur málið m.a. verið borið upp við Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitið.

Losun fjármagnshafta

Losun fjármagnshafta í mars 2017 var gríðarlega mikilvægt skref fyrir lífeyrissjóðina. Höftin höfðu verið við lýði frá árinu 2008, en lífeyrissjóðirnir fengu þó frá miðju ári 2015 takmarkaðar undanþáguheimildir í áföngum til kaupa á erlendum verðbréfum fyrir samtals 95 milljarða króna.

Gjaldeyrishöftin urðu til þess að hlutfall lífeyrissjóða í eignum í erlendri mynt er mun lægra en æskilegt er eða rétt um 22%. Almennt er talið æskilegt út frá áhættusjónarmiðum að hlutfall eigna í erlendri mynt sé um 40%-50%. Auknar fjárfestingar í erlendri mynt þýða minni umsvif í fjárfestingum innanlands sem hafa verið allsráðandi undanfarid vegna haftanna. Nú virðist staðan hins vegar vera sú að kaup erlendra eigna eru nánast óhjákvæmileg fyrir sjóðina í ljósi takmarkaðs framboðs innlendra eigna. Starfsþópur sem skipaður var af fjármála- og efnahagsráðherra um erlendar fjárfestingar benti m.a. á að æskilegt kunni að vera að skoða leiðir til að koma í veg fyrir að gengisáhætta vegna erlendra eigna valdi vandræðum fyrir lífeyrissjóðina vegna mikilla sveiflna á réttindum sjóðfélaga og þá einkum lífeyrisþega. Núverandi reglur kunna að virka letjandi fyrir sjóðina við að fjárfesta í eignum í erlendri mynt.



Sjóðfélagalán

Sjóðfélagalán hafa aukist mjög á árinu. Þau eru góður fjárfestingarkostur fyrir lífeyrissjóði og hagstæð fyrir sjóðfélaga. Lítið framboð hefur verið á húsnæði og húsnæðisverð hefur hækkað ört, einkum á höfuðborgarsvæðinu. Ungt fólk hefur fá tækifæri til að eignast þak yfir höfuðið og hefur heimild til að taka út séreignarsparnað til kaupa á fyrstu íbúð eflaust hjálpað einhverjum, en betur má ef duga skal. Hér er verkefni sem mikilvægt er að leysa á varanlegan hátt.

Átak í fræðslu- og kynningarmálum

Á stefnumótunarfundi stjórnar samtakanna sl. haust var ákveðið að setja fræðslu- og kynningarmálin á oddinn á árinu því viðhorfskönnun sem gerð var fyrir samtökin í apríl 2016 sýndi að brýn þörf er á að kynna lífeyriskerfið betur til að auka traust fólks og til að færa sjóðina nær fólkinu. Til að auðvelda aðgengi almennings að upplýsingum um lífeyrismál hafa fjórar vefsíður verið sameinaðar í eina upplýsingasíðu, **Lífeyrismál.is**. Ásýnd og merki samtakanna hafa fengið andlitslyftingu og ber kápa þessarar ársskýrslu, sem þrjár kynslóðir kvenna prýða, þess glógg merki.



LANDSSAMTÖK LÍFEYRISJÓÐA

Ný sjónvarpsauglýsing var frumsýnd á EM karla í knattspyrnu sl. sumar. Jafnframt var jólakveðja hönnuð upp úr auglýsingunni. Til stendur að birta auglýsinguna jafnt og þétt á næsta starfsári með vísan í nýju upplýsingasíðuna **Lífeyrismál.is**.

Samtökin gerðu samstarfssamning við Samtök fjármálafyrirtækja (SSF) um námsefnið Fjármálavit sem kennt er í efstu bekkjum grunnskóla landsins og mun starfsfólk lífeyrissjóða taka þátt í að fræða unga fólk, sem er að stíga fyrstu sporin á vinnumarkaði, um fjármál og sparnað. Einnig hefur verið gengið til samstarfs við ASÍ um fræðslu í framhaldsskólum.

Siðferðisleg viðmið og stjórnarkjör í lífeyrissjóðum

Í opinberri umræðu koma oft fram sjónarmið um að lífeyrissjóðirnir eigi að breyta starfsháttum sínum og endurskoða þurfi hlutverk þeirra og fjárfestingarstefnu, sjóðfélögum og samfélaginu til hagsbóta. Skal hér vikið að nokkrum slíkum málum.

Breytingar á lögum um lífeyrissjóði sem taka gildi 1. júlí nk. gera ráð fyrir að sjóðirnir setji sér siðferðisleg viðmið í fjárfestingum. Margir sjóðir hafa þegar fetað þessa braut með eigendastefnu, samskipta- og siðareglum og aðild að alþjóðlegum reglum á borð við reglur Sameinuðu þjóðanna um ábyrgar fjárfestingar. Landssamtök lífeyrissjóða hafa í samstarfi við Félagsmálaskóla alþýðu efnt til námskeiða um samfélagslega ábyrgð fyrir stjórnir og starfsmenn lífeyrissjóða.

Hafa ber í huga að samfélagsleg ábyrgð er ekki lagalegt hugtak. Umhverfismál, vinnuvernd, mannréttindi, viðskiptasiðferði og aðgerðir gegn spillingu eru lykilhugtök í því er við kemur samfélagslega ábyrgum fjárfestingum. Frá sjónarhóli fjárfesta getur falist í þeim að arðsemiskrafan ein ráði ekki för heldur langtímaáhrifin á samfélagið í heild. Þó skal hafa hugfast að lífeyrissjóðum ber að hafa hagsmuni sjóðfélaga að leiðarljósi. Siðferðisleg viðmið mega því ekki vera á kostnað ávöxtunar heldur þurfa þessi sjónarmið að haldast í hendur.

Samfélagslega ábyrgar fjárfestingar geta verið margs konar, t.d. í verðbréfasjóðum með fjárfestingarstefnu sem útilokar fyrirtæki í ákveðnum greinum, s.s. tóbaks-, áfengis- og vopnaframleiðslu. Annars konar nálgun er í gegnum svonefndar ESG fjárfestingar (Impact Investing) þar sem stefna og starfsemi fyrirtækja og áhrif eru metin út frá skilgreindum viðmiðum umhverfismála, félagsmála og stjórnarháttanna. Eðlismunur er á því hvort fjárfestar sniðgangi fyrirtæki í ákveðnum greinum án frekari eftirgrennslanar eða beiti sér til að hafa áhrif á hegðun fyrirtækja og upplýsa um aðgerðir sínar út á við.

Mikilvægt er að hver og einn lífeyrissjóður setji sér hófleg mælanleg markmið og móti sér stefnu um þessi mál.

Í umræðu um fasteignafélög sem kaupa íbúðarhúsnæði og endurleigja er því haldið á loft að lífeyrissjóðir séu stórir eigendur og knýi á um háa arðsemi sem endurspeglast í hárrí leigu til almennings. En hver er staðreyndin? Í tveimur stærstu leigufélögnum eiga lífeyrissjóðir vel innan við 10%. Miðað við hversu eignarhlutinn er lítill er engin leið að halda því fram að lífeyrissjóðir séu leiðandi afl í þessari verðlagningu. Verulegur skortur á íbúðarhúsnæði og erfiðleikar ungs fólks við að fjármagna fyrstu kaup eru ráðandi þættir sem hafa ekkert með lífeyrissjóði að gera.


Árið 1969 gerðu ASÍ og VSÍ samkomulag sem hluta af kjarasamningi um að koma á fót lífeyrissjóðum fyrir starfsmenn á almennum vinnumarkaði. Þar var gert ráð fyrir að launamenn og atvinnurekendur myndu skipa jafnmarga fulltrúa í stjórnir sjóðanna. Þessi skipan hefur haldist óbreytt, en á því eru þó undantekningar og dæmi eru um að kosið sé í stjórnir sjóða í beinni kosningu á ársfundum.

Reglulega kemur upp umræða um að tryggja þurfi beinar kosningar til stjórna lífeyrissjóða án þess að útfært hafi verið hvernig eigi að standa að slíkum kosningum. Eiga t.d. allir að hafa sama atkvæðavægi án tillits til þess hvað þeir hafa greitt inn í sjóðina? Eiga sjóðsfélagar að geta kosið í öllum sjóðum sem þeir eiga réttindi í? Hver verður bakhjarl kerfisins ef tengslin við vinnumarkaðinn yrðu rofin? Mikilvægt er að taka þessa umræða og loka ekki á hana fyrirfram.

SA og ASÍ hafa endurskoðað kaflann um stjórnkerfi lífeyrissjóðanna í kjarasamningi aðila um lífeyrismál. Nú er gert ráð fyrir að sjóðirnir setji sér markmið um samsetningu stjórnar og hvaða kröfur séu gerðar til stjórnarmanna. Auglýsa ber eftir fólki sem hefur áhuga á að taka sæti í stjórnnum sjóðanna og síðan metur valnefnd hæfi einstaklinga og hvernig þeir falla að markmiðum um samsetningu stjórnar. Hjá launamönnum er gert ráð fyrir að fram fari kosning í fulltrúaráði stéttarfélaganna séu fleiri metnir hæfir en kjósa á. Hér er verið að stíga mikilvægt skref í að búa til ferli sem er gegnsætt og fyrirsjáanlegt. Áhuga-vert verður að sjá hvernig það þróast og hvernig sjóðsfélagar nýta sér það.

Íslenska lífeyriskerfið sterkt í samanburði

Nýleg samantekt sem unnin var á vegum LL um samanburð lífeyriskerfa á Íslandi, í Bretlandi, Danmörku, Hollandi og Svíþjóð sýnir að íslenska lífeyriskerfið kemur vel út. Ísland er með söfnunarkerfi og afgerandi hæst hlutfall ellilífeyris úr sjóðum samanborið við hin löndin þar sem meirihluti lífeyris kemur úr opinberum gegnumstreymiskerfum. Þrátt fyrir hlutfallslega lág opinber framlög til ellilífeyris kemur íslenska lífeyriskerfið vel út hvað



tekjuhlutfóll varðar af tveimur ástæðum: Vernd gegn alvarlegri fátækt er náð með því að beina greiðslum almannatrygginga markvisst að láglaunafólki og þeim sem verst standa, en hinir fá lítið eða ekkert, og réttindakerfi starfstengdu lífeyrissjóðanna geta tryggt nægilegt lífeyrishlutfall, að vísu eftir lengri starfsævi en tíðkast í hinum löndunum. Samanburðurinn sýnir að Ísland sker sig úr með mikilli tekjutengingu lífeyris úr opinbera kerfinu og er einnig eina landið þar sem lífeyrir úr opinbera kerfinu fellur niður ef tekjur frá lífeyrissjóðum fara yfir tiltekin mörk.

Breytingar á lífeyrisréttindum

Á almenna vinnumarkaðnum var samið um hækkun á iðgjaldi í lífeyrissjóði til jafns við það sem verið hefur hjá starfsmönnum á opinberum vinnumarkaði. Hækkunin tekur gildi í áföngum og verður að fullu komin til framkvæmda 1. júlí 2018. Á árinu var jafnframt stigið stórt skref til aðlögunar á lífeyriskerfi opinberra starfsmanna að því kerfi sem er á almenna vinnumarkaðnum.

Því stefnir í að í framtíðinni búi allir við sambærilegt fyrirkomulag í lífeyrismálum og geti fært sig til á vinnumarkaði og þar með á milli lífeyrissjóða hvenær sem er á starfsævinni án þess að það hafi teljandi áhrif á réttindi þeirra. Því ber að fagna.

Mannauður

Umræðan um lífeyrissjóðina einkennist iðulega af upphrópum og fullyrðingum sem eiga sér enga stoð í veruleikanum. Oft er erfitt að bregðast við vegna þess að áhugi fjölmiðla virðist meiri á slíkum málflutningi en málefnalegri umræðu.

Af umræðunni má oft skilja að þeir sem sýsla með lífeyrismál séu hópur spilltra einstaklinga sem hugsi fyrst og fremst um eigin hagsmuni. Þetta eru miklar ranghugmyndir um það mikla og góða starf sem fram fer hjá lífeyrissjóðunum. Á vettvangi sjóðanna er mikill mannaúdur sem er drifinn áfram af áhuga og metnaði til að gera betur í dag en í gær.

Starfsmenn lífeyrissjóða eru gæslumenn mikilla almannahagsmuna og því hvílir mikil ábyrgð á okkur. Við þurfum að vanda okkur í öllu sem við gerum, tryggja gegnsæi og efla upplýsingaflæði bæði til sjóðsfélaga og almennings.

Öflugasta tækið gegn neikvæðri umræðu eru gegnsæ og fagleg vinnubrögð. Alltaf er þó hægt að gera betur og það munum við gera.

Landssamtökin njóta þess mikla mannaúds sem er að störfum hjá íslenskum lífeyrissjóðum. Að starfsemi samtakanna kemur mikill fjöldi fólks sem er tilbúið að leggja fram mikið vinnuframlag, bæði í stjórn og starfsnefndum.

Á þessum ársfundi verða þau tímamót að Arnar Sigurmundsson lætur af stjórnarstörfum eftir setu í stjórn samtakanna frá stofnun þeirra árið 1999. Ég vil þakka Arnari frábært starf í þágu íslenskra lífeyrissjóða um áratuga skeið og þá sérstaklega allt það starf sem hann innti af hendi í tengslum við bankahrunið. Ég færi honum okkar bestu kveðjur og óskir um að hann megi njóta alls hins besta um langa framtíð. Ég vil að lokum þakka öllum sem tekið hafa þátt í starfsemi LL, starfsmönnum, nefndarfólki og stjórn, gott samstarf.

Þorbjörn Guðmundsson, formaður LL

STJÓRN OG STARFSFÓLK

Stjórn Landssamtaka lífeyrissjóða er skipuð níu aðalmönnum og þremur varamönnum. Kjörtímabil er þrjú ár og skal árlega kjósa þriðjung stjórnarmanna og einn varamann.

Starfandi uppstillingarnefnd gerði tillögur til aðalfundar um skipan stjórnar. Í nefndinni eiga sæti fimm fulltrúar, skipaðir til þriggja ára; einn tilnefndur af Alþýðusambandi Íslands, einn frá samtökum starfsmanna ríkis og/eða sveitarfélaga, einn tilnefndur af Samtökum atvinnulífsins, einn frá launagreiðendum ríkis og/eða sveitarfélaga og einn frá þeim lífeyrissjóðum sem skilgreina hluta skylduiðgjalds í séreign. Í nefndinni fyrir árin 2015–2017 sátu upphaflega: Sigurður Bessason, Helga Jónsdóttir, Hannes G. Sigurðsson, Guðrún Ógmundsdóttir og Oddur Ingimarsson. Þar sem Oddur lét af stjórnarsetu hjá Almenna lífeyrissjóðnum, óskaði hann jafnframt eftir lausn frá setu í uppstillingarnefnd. Ólafur H. Jónsson tók sæti hans í nefndinni 2017.

Samkvæmt samþykktum LL ber uppstillingarnefnd að hafa það að markmiði við tillögu-gerð sína að stjórnin endurspeglí fjölbreytileika þeirra sjóða sem aðild eiga að landssamtökunum. Fulltrúar í stjórn eiga að vera af báðum kynjum og koma úr röðum ólíkra sjóða, frá höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni, úr röðum framkvæmdastjóra lífeyrissjóða og stjórnarmanna, bæði fulltrúa launþega og atvinnurekenda. Tillögur nefndarinnar voru lagðar fyrir aðalfund LL sem haldinn var 24. maí 2016. Kjörin voru til þriggja ára:

Harpa Ólafsdóttir, Haukur Hafsteinsson og Úlfar Steindórsson.

Aðrir stjórnarmenn eru þau:

Þorbjörn Guðmundsson, Arnaldur Loftsson, Arnar Sigurmundsson, Gylfi Jónasson, Huld Aðalbjarnardóttir og Kristbjörg Stephensen.

Varamaður til þriggja ára var kjörin:

Hulda Rós Rúriksdóttir.



Aftari röð: Úlfar Steindórsson, Arnaldur Loftsson, Arnar Sigurmundsson, Haukur Hafsteinsson, Sigurbjörn Sigurbjörnsson, Gylfi Jónasson. Fremri röð: Erla Ósk Ásgeirsdóttir, Þórey S. Þórðardóttir, Þorbjörn Guðmundsson, Harpa Ólafsdóttir. Á myndina vantar: Huld Aðalbjarnardóttur og Kristbjörgu Stephensen.

Aðrir varamenn eru þau:

Erla Ósk Ásgeirsdóttir og Sigurbjörn Sigurbjörnsson.

Stjórnin ber ábyrgð á starfsemi LL samkvæmt ákvæðum samþykktu samtakanna. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum og á fyrsta fundi stjórnarinnar var samþykkt að Þorbjörn Guðmundsson yrði áfram formaður. Stjórnin hélt alls 12 fundi á starfsárinu.

Milli stjórnarfunda eru haldnir fundir reglulega þar sem formaður, varaformaður og framkvæmdastjóri LL undirbúa stjórnarfundi og fara yfir helstu mál sem í gangi eru hverju sinni.

Framkvæmdastjóri LL er Þórey S. Þórðardóttir. Rakel Fleckenstein Björnsdóttir kom í tímabundið starf verkefnisstjóra 1. mars – 1. júní en var fastráðin frá 1. september. Stefán Halldórsson hefur komið að ýmsum verkefnum fyrir samtökin á árinu sem sérfræðingur á sviði lífeyrismála.

LL hafa, líkt og undanfarin ár, unnið í góðu samstarfi við Greiðslustofu lífeyrissjóða sem annast ýmis almenn skrifstofustörf fyrir samtökin.

Starfsmenn Greiðslustofu lífeyrissjóða eru:

Matthildur Hermannsdóttir, framkvæmdastjóri
Jóhanna Ólafsdóttir
Sara Stefánsdóttir





Rakel Fleckenstein Björnsdóttir, Matthildur Hermannsdóttir, Jóhanna Ólafsdóttir, Sara Stefánsdóttir, Þórey S. Þórðardóttir og Stefán Halldórsson

HLUTVERK LANDSSAMTAKA LÍFEYRISSJÓÐA

Í 4. gr. samþykktu LL er hlutverk samtakanna tilgreint sem hér segir:

- Gæta í hvívetna hagsmuna sjóðfélaga þeirra lífeyrissjóða sem aðild eiga að samtökunum.
- Vera málsvari lífeyrissjóðanna í þeim málum sem varða heildarhagsmuni þeirra og koma á framfæri sjónarmiðum samtakanna við stjórnvöld og aðra aðila í öllum meiri háttar málum sem varðað geta sameiginlega hagsmuni aðildarsjóðanna.
- Hafa frumkvæði í almennri umræðu um málefni sjóðanna og um lífeyrismál og stuðla að jákvæðri ímynd þeirra.
- Vinna að útgáfu- og fræðslumálum lífeyrissjóða, svo sem með námskeiðum og fræðslufundum, skýrslugerð og annarri þjónustu við lífeyrissjóði og sjóðfélaga.
- Stuðla að hagræðingu og þróun í starfi aðildarsjóðanna.
- Fylgjast með þróun lífeyrismála erlendis og taka þátt í alþjóðlegu samstarfi lífeyrissjóðasamtaka.
- Vinna að sérgreindum verkefnum fyrir einstaka lífeyrissjóði innan samtakanna, samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar samtakanna, enda standi slík starfsemi fjárhagslega undir sér og sé samrýmanleg markmiðum þeirra og tilgangi.



AÐALFUNDUR LANDSSAMTAKA LÍFEYRISSJÓÐA 2016

Landssamtök lífeyrissjóða (LL) héldu aðalfund á Grand hóteli í Reykjavík 24. maí 2016. Þorbjörn Guðmundsson, formaður samtakanna, setti fundinn. Heiðrún Jónsdóttir, lífeyrissjóðnum Gildi, var kjörin fundarstjóri og Rakel Fleckenstein Björnsdóttir, verkefnastjóri LL, var kjörin fundarritari.

Skýrsla stjórnar

Formaður flutti ítarlega skýrslu stjórnar um starfsemi LL á árinu 2015. Þar kom meðal annars fram eftirfarandi:

- Afkoma lífeyrissjóðanna árið 2015 var afar góð. Allt bendir til að raunávöxtun hafi verið um 8% fyrir kerfið í heild og hefur hún ekki verið hærrí frá árinu 2006. Er þetta fjórða árið í röð semávöxtun sjóðanna fer yfir 3,5% núvirdingarprósentu sem stuðst er við í tryggingafræðilegum uppgjörum.
 - Fimm ára raunávöxtun var 6,1% og hefur farið hækkandi, en hún hefur þó orðið neikvæð um tíma sé litið til árána 1993–2015.
 - Þegar litið er til lengri tíma, þ.e. 10 ára, er raunávöxtunin 1,8%, en hún hefur ætíð verið jákvæð yfir tímabilið 1993–2015.
 - Raunávöxtun 1971–2015 sýnir að við stofnun lífeyrissjóðakerfisins var erfitt að ávaxta fjármuni og brann fjármagnið upp þar sem hér á landi var mikil verðbólga. Aðstæður í framtíðinni verða vonandi þess eðlis að sjóðirnir geti staðið sig í hlutverki sínu að taka við lögbundnum iðgjöldum, ávaxta þau og þannig verið í stakk búnir til að greiða sjóðfélögum ásættanlegan lífeyri.
- Einn helsti styrkur íslenska lífeyriskerfisins er að það byggist á sjóðsöfnun. Það sýndi sig vel í bankahruninu og það sýnir sig vel nú þegar aldursamsetning þjóðarinnar er að breytast og eftirlaunaþegum fer fjölgandi.
- Heildareignir lífeyrissjóða halda áfram að aukast. Í lok árs 2015 voru þær alls um 3.269 milljarðar króna eða um 10 milljónir á hvern Íslending. Eignir í innlendum verðbréfum voru 2.543 milljarðar króna og 726 milljarðar króna í erlendum verðbréfum.
- Helsta ástæðan fyrir þessari góðu ávöxtun á árinu 2015 er ávöxtun á innlendum hlutabréfum en vísitala innlendra hlutabréfa hækkaði um 47% á árinu. Þá var ávöxtun innlendra skuldabréfa stöðug á árinu. Á móti kom að ávöxtun erlendra hlutabréfa var ekki eins góð á árinu 2015 og hún var síðustu þrjú ár þar á undan.
- Heildareignir lífeyrissjóðanna eru nú rúmlega 150% af vergri landsframleiðslu.
- Þegar áhrif af hækkun iðgjalds úr 12% í 15,5% verða komin að fullu fram eftir 40 ár má gera ráð fyrir að eignir sjóðanna verði rúmlega þreföld landsframleiðsla og u.þ.b. fjórföld ef séreignarsparnaður er meðtalinn. Samið hefur verið um að framlög atvinnurekenda í lífeyrisiðgjöld hækki úr 8% í 11,5% í áföngum, frá 1. júlí 2016 til 1. júlí 2018. Þessi breyting felur í sér 29% meiri ávinnslu lífeyrisréttar en áður og er til samræmingar við iðgjöld og réttindi opinberra starfsmanna. Lágmarksframlag í lífeyrissjóði á samningssviði ASÍ og SA verður eftir 1. júlí 2018 15,5% af öllum launum. Sé viðbótarlífeyrissparnaður tekinn með verður iðgjaldið 19,5% og upp í 21,5%. Með hækkun iðgjaldsins er stigið verulega jákvætt skref til jöfnunar á lífeyrisréttindum landsmanna sem er forsenda samræmdra lífeyrisréttinda á almennum og opinberum vinnumarkaði.
- Gjalddeyrishöftin eru ein mesta ógnin við starfsemi lífeyrissjóðanna. Eignir í erlendum verðbréfum í ársreikningum sjóðanna bera því glöggvitni, en þær eru nú rétt rúmlega 20% af heildareignum sjóðanna en voru fyrir bankahrun tæplega 30%.

- Lífeyrissjóðunum hefur að undanfögnu verið heimilt að fjárfesta fyrir 50 milljarða í erlendum eignum. Nefnt hefur verið að ákjósanlegt hlutfall erlendra eigna sjóðanna væri 40%. Til að ná því hlutfalli fyrir árið 2030 þarf að fjárfesta árlega fyrir rúmlega 70 milljarða. Hlutfall erlendra eigna íslenskra lífeyrissjóða er með minnsta móti í alþjóðlegum samanburði.
- Fjárfestingar sjóðanna erlendis geta virkað sem þjóðhagsvarúðartæki. Erlendar fjárfestingar sjóðanna voru það sem helst vann á móti þenslu og ofrиси krónunnar á árunum 2004–2008. Nú er svipuð staða uppi þegar miklar gjalddeyristekjur af ferðaþjónustu hafa þrýst genginu upp og því er mikilvægt að heimila sjóðunum að fjárfesta erlendis að nýju.
- Samkvæmt mannfjöldaspám OECD mun eftirlaunaþegum fjölga hlutfallslega hraðar hér á landi á næstu 10 – 20 árum en í nokkru öðru Evrópulandi. Félag íslenskra tryggingastærðfræðinga gefur út þær íslensku dánar- og eftirlífendatölur sem notaðar eru við útreikninga á skuldbindingum lífeyrissjóða. Félagið hefur undanfarið unnið að því að breyta aðferðafræði við gerð tafna um lífslíkur. Í stað þess að reikna út frá reynslu verði meðalævi reiknuð út frá spá um áframhaldandi lengingu á meðalævi. Þessi breyting mun hafa veruleg áhrif á tryggingafræðilega stöðu sjóðanna, sem kallar á að gripið verði til mótvægisáðgerða, s.s. í formi hærri iðgjalda, réttindaskerðinga eða hærri lífeyristókualdurs. Sú leið sem einkum hefur verið til skoðunar hjá Réttindanefnd LL er að hækka eftirlaunaaldur á löngum tíma, sem þykir að mörgu leyti eðlileg aðgerð. Nefnd sem hefur verið að endurskoða lög um almannatryggingar hefur lagt til að eftirlaunaaldur verði hækkaður í 70 ár á næstu 24 árum og hann verði samræmdur milli almannatrygginga og lífeyrissjóða. Fram til þessa hefur verið gengið út frá því að teknar verði upp nýjar lífslíknatölur um næstu áramót og þær muni gilda vegna tryggingafræðilegs uppgjörs 2016. Nokkur óvissa er þó á þessari stundu um hvort sú sátt næst um málsmeðferðina sem nauðsynleg er til að svo geti orðið.
- Í lok apríl var haldið málþing um þær áskoranir sem vinnumarkaðurinn stendur frammi fyrir vegna hækkandi lífaldurs. Danskur læknir og fyrirlesari, Henning Kirk, kom hingað til lands af því tilefni.
- Væxlverkanir greiðslna almannatrygginga og lífeyrissjóða hafa skapað veruleg vandkvæði fyrir sjóðfélaga. Réttindanefnd LL stóð fyrir málþingi um hlutverk sjóðanna í greiðslum lífeyris vegna orkutaps í lok mars og var fullt út úr dyrum. Því er ljóst að margir hafa áhuga á málefninu enda er mjög brýnt að ásættanleg lausn verði fengin á málinu.
- Vinnu við frumvarp um breytingar á fjárfestingarheimildum lífeyrissjóða sem staðið hefur yfir í nokkur ár er nú lokið og hefur efnahags- og fjármálaráðherra mælt fyrir frumvarpinu á Alþingi. LL átti fulltrúa í nefndinni og kynnti hann frumvarpið fyrir starfsmönnum lífeyrissjóða á fjölmönnum fundi um miðjan apríl.
- Dagana 1. – 8. apríl sl. var framkvæmd viðhorfskönnun fyrir LL meðal almennings um viðhorf til íslensku lífeyrissjóðanna. Lífeyrissjóðakerfið kom ekki vel út. Það sem er jákvætt er að meirihluti aðspurðra telur íslenska lífeyrissjóðakerfið vera af hinu góða, en það sem er einkum neikvætt er að meirihluti landsmanna treystir ekki lífeyrissjóðunum. 53% aðspurðra bera lítið traust til íslensku lífeyrissjóðanna. Stjórn LL hefur ákveðið að hringa af stað almennu kynningarátaki sem mun hefjast með leikinni sjónvarpsauglýsingu.

- Nefnd á vegum fjármála- og efnahagsráðherra hefur haft það verkefni að móta framtíðarstefnu lífeyriskerfisins. Þar hefur m.a. verið til skoðunar hver ætti að vera lágmarksstærð lífeyrissjóða. Tillaga nefndarinnar er að í framtíðinni verði lágmarksstærð sjóða miðuð við 10.000 virka sjóðsfélaga sem mun hafa mikil áhrif á fjölda lífeyrissjóða. Á stefnumótunarfundi hjá landssamtökunum sem haldinn var fyrir nokkrum árum varð niðurstaðan að æskilegur fjöldi lífeyrissjóða til framtíðar yrði á bilinu fimm til sjö. Margt mælir með að sjóðunum fækki í náinni framtíð og hver og einn þeirra verði þar með stærri. Það er okkar að hafa frumkvæði að því að svo verði.

Ársreikningur 2015

Þórey S. Þórðardóttir framkvæmdastjóri LL kynnti helstu niðurstöður ársreiknings 2015 og breytingar frá fyrra ári. Rekstrartekjur ársins voru 110 milljónir króna og rekstrargjöld 88,2 milljónir króna. Hagnaður af starfseminni var 24,6 milljónir króna. Eigið fé LL var 85,9 milljónir króna í árslok 2015 og eigið fé og skuldir samtals 95,7 milljónir króna.

Kjör stjórnar og varastjórnar

Ásta Rut Jónasdóttir og Heiðrún Jónsdóttir gengu úr stjórn, sem og Gunnar Baldvinsson varamaður.

Þrír aðalmenn voru kjörnir í stjórn LL til þriggja ára:

Harpa Ólafsdóttir, Gildi lífeyrissjóði

Haukur Hafsteinsson, LSR

Úlfar Steindórsson, Lífeyrissjóði verzlunarmanna

Varamaður til þriggja ára:

Hulda Rós Rúriksdóttir, Almenna lífeyrissjóðnum

Kjör endurskoðanda

Samþykkt var að KPMG ehf. yrði áfram endurskoðandi LL.

Ákvörðun þóknunar stjórnar og nefndarmanna

Tillaga um þóknun stjórnar var samþykkt samhljóða. Þóknun til hvers stjórnarmanns yrði 75 þús.kr. á mánuði, þóknun varformanns stjórnar 112,5 þús.kr. á mánuði og þóknun til formanns stjórnar 150 þús.kr. á mánuði. Þóknun til varamanna í stjórn yrði 37,5 þús.kr. fyrir hvern setinn fund.

Einnig var samþykkt samhljóða að formenn fastanefnda samtakanna fengju greidda þóknun sem þeir væru almennir stjórnarmenn, 75 þús.kr. á mánuði.

Fjárhagsáætlun fyrir árið 2016

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir fjárhagsáætlun ársins 2016. Þar var rekstrarkostnaður áætlaður 150,3 milljónir króna. Helsta breytingin milli ára var vegna aukinnar áherslu á fræðslu- og kynningarmál.

Árgjaldið fyrir árið 2016 var óbreytt frá árinu 2015 eða 110 milljónir króna, þar af fastgjald á hvern aðildarsjóð 75 þús.kr.

Önnur mál

Að hefðbundnum aðalfundarstörfum loknum fluttu tveir framsögumenn erindi: Jón Garðar Hreiðarsson, ráðgjafi, flutti erindið „Getum við bætt hvaða augum fólk lítur lífeyrissjóði – eða skiptir það engu máli?“ og Dr. Ásgeir Jónsson, forseti hagfræðideildar HÍ, flutti erindið „Eru lífeyrissjóðirnir of stórir fyrir Ísland?“

YFIRLIT YFIR STARFSEMI LANDSSAMTAKA LÍFEYRISSJÓÐA FRÁ AÐALFUNDI 2016

Á fyrsta fundi nýrrar stjórnar samtakanna eftir aðalfundinn 24. maí 2016 skipti stjórnin með sér verkum og var Þorbjörn Guðmundsson endurkjörinn formaður.

Starfsemi landssamtakanna er afar fjölbreytt og hefur verkefnum á vegum þeirra fjölgað verulega á undanförunum árum. Inn á borð samtakanna rata margvísleg erindi og beiðnir um umsagnir og samvinnu af ýmsu tagi um málefni sem eru til umfjöllunar hverju sinni. Mörg erindi berast er varða stjórnvöld og opinberar stofnanir og fræðslu- og kynningarmálin hafa verið mjög fyrirferðarmikil á starfsárinu.

LL og FME hafa komið á reglulegum fundum þar sem farið er yfir helstu málefni hverju sinni. Þessir fundir hafa reynst afar gagnlegir og verið til þess fallnir að skýra ólík sjónarmið og auka skilning á hlutverki hvors um sig. Stjórn LL býður árlega þingmönnum til hádegisfundar þar sem kynnt eru helstu málefni sjóðanna. Var sá fundur haldinn 23. febrúar.

Mikil umræða hefur verið um hlutverk og starfsemi sjóðanna að undanförunu og hefur upplýsingagjöf á vegum samtakanna aukist að sama skapi. Er hér bæði um að ræða fyrirspurnir frá starfsfólki sjóðanna og beinar fyrirspurnir frá sjóðfélögum. Starfsmenn LL leggja sig fram um að leiðbeina eftir bestu getu eða finna þeim erindum sem berast sem réttastan farveg. Mikill fjöldi almennra fyrirspurna fær faglega úrlausn og afgreiðslu Greiðslustofu lífeyrissjóða.

Stjórn LL hefur árlega haldið vinnu- og stefnumótunarfundi þar sem áherslur í starfsemi LL eru mótaðar. Fundurinn í ár var haldinn 13. september að Bifröst í Borgarfirði, líkt og árið áður, og stýrði Vilhjálmur Egilsson umræðum. Þangað mættu, auk stjórnar LL og starfsmanna, formenn fastanefnda og var unnið í tveimur hópum. Niðurstöður voru síðan ræddar sameiginlega í lokin og Vilhjálmur stýrði samantekt. Niðurstöðurnar voru hafðar til hliðsjónar við skipulagningu og mótun stefnu LL fyrir starfsárið.

Verkefni LL á starfsárinu voru mörg og einkum unnin í nefndum eða sérstökum vinnuhópum. Meðal helstu verkefna má nefna fræðslu- og kynningarmál, samspil lífeyrkerfisins við almannatryggingar, málefni sjóðanna, m.a. samræmingu á meðferð örorkumála og örugg gagnasamskipti þeirra, innleiðingu breyttra lífslíknatafla og mögulegar mótvægisáðgerðir sjóðanna og ný lög um fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða.

Auknar áherslur í fræðslu- og kynningarmálum kölluðu á nýjan upplýsingavef **Lífeyrismál.is** til að auðvelda aðgengi almennings að lífeyrismálum og til að auðvelda samtökunum að koma upplýsingum betur á framfæri. Nýi vefurinn, **Lífeyrismál.is**, sem sameinar þá fjóra vefi sem samtökin hafa haldið úti undanfarin ár, ll.is, gottadvita.is, lífeyrisgattin.is og vefflugan.is, var formlega opnaður í kaffisamsæti þann 23. febrúar og þangað bauð stjórn LL starfsfólki og stjórnarmönnum sjóðanna. Fræðsluáætlun samtakanna fyrir starfsárið var kynnt og Facebook-síða, sem hefur það meginhlutverk að vekja athygli á



Rakel Fleckenstein Björnsdóttir, verkefnastjóri LL, kynnis **Lífeyrismál.is**

Lífeyrismál.is



Vinnu- og stefnumótunarfundur stjórnar á Bifröst.



Sólar í Borgarfirði notið í pásu á vinnu- og stefnumótunarfundi stjórnar á Bifröst.

Frá vel sóttu kaffisamsæti á Grandhótelu í tilefni af opnun nýja vefsins. Ari Eldjárn lætur gamminn geysa.



upplýsingavefnum, var opnuð. Ari Eldjárn lokaði vel sótttri og vel heppnaðri samkomunni með gríni og glensi eins og honum einum er lagið.

LL gerðu samstarfssamning við SFF, Samtök fjármálafyrirtækja, á árinu um aðild LL að verkefninu Fjármálaviti sem er kennsla í fjármálalæsi í efstu bekkjum grunnskóla landsins. Nú þegar hafa nokkrir skóla verið heimsóttir. LL og ASÍ munu haustið 2017 hefja samstarf um kennslu í framhaldsskólum.

Hér verður farið yfir helstu starfsþætti LL á starfsárinu.

Starfsnefndirnar eru helstu verkfæri LL og var til þeirra stofnað í tengslum við þau fjölbreyttu verkefni sem unnin eru á vegum LL. Í samþykktum LL er gert ráð fyrir fjórum fastanefndum sem skipaðar eru af stjórn til eins árs í senn og tengjast þeim sviðum sem LL er ætlað að sinna. Auk þess eru starfandi vinnuhópar sem hafa ákveðin afmörkuð verkefni. Til starfa í nefndum og vinnuhópum á vegum LL veljast stjórnarmenn og starfsmenn lífeyrissjóða, auk þess sem leitað er til utanaðkomandi sérfræðinga.

STARFSNEFNDIR LANDSSAMTAKA LÍFEYRISSJÓÐA

Eigna- og áhættustýringarnefnd

Helstu verkefni:

- Semja og halda við leiðarvísi að góðum venjum um eigna- og áhættustýringu fyrir lífeyrissjóði.
- Koma faglegum sjónarmiðum og hugmyndum á framfæri er viðkoma breytingum á lögum og reglum um fjárfestingaumhverfi lífeyrissjóða.
- Skipuleggja námskeið og fræðslu fyrir lífeyrissjóði um eigna- og áhættustýringu.

Sérstök verkefni 2016–2017:

- Leggja til breytingu á nafni nefndarinnar og rýna hvort tilefni sé til að stofna undirnefnd/sjálftæða nefnd vegna áhersluatriða er viðkoma áhættustjórnun/eftirliti.
- Fylgjast með breytingum á fjárfestingarheimildum lífeyrissjóða og koma sjónarmiðum sjóðanna á framfæri eftir því sem tilefni gefst.
- Rýna hugmyndir stjórnvalda um framtíðarskipan húsnæðismála.
- Skipuleggja málþing um stjórnarhætti.

Nefndarmenn:

Ólafur Sigurðsson, formaður, Birtu lífeyrissjóði
Björn Hjaltested Gunnarsson, LSR/LH
Davíð Rúdólfsson, Gildi lífeyrissjóði
Elísabet Þórey Þórisdóttir, LSR/LH
Guðmundur Friðjónsson, Brú lífeyrissjóði
Helga Indriðadóttir, Almenna lífeyrissjóðnum
Jón L. Árnason, Lífsverk lífeyrissjóði
Jóna Finndís Jónsdóttir, Stapa lífeyrissjóði
Loftur Ólafsson, Birtu lífeyrissjóði
Marínó Örn Tryggvason, Arion banka
Tómas N. Möller, Lífeyrissjóði verzlunarmanna

Miklar vangaveltur hafa verið um nafn nefndarinnar. Heitið „Eigna- og áhættustýringar-nefnd“ þykir ekki gefa nægilega skýra mynd af hlutverki hennar. Eftir talsverðar umræður þótti nafnið „Nefnd um fjárfestingarumhverfi lífeyrissjóða“ lýsa betur störfum nefndarinnar. Stjórn LL tók málið fyrir og ákvað að leggja breytingu á nafni nefndarinnar fyrir aðalfund.

Nefndin hélt átta fundi á starfsárinu. Eitt af stærstu verkefnum hennar hefur verið að rýna endurskoðun á fjárfestingarheimildum lífeyrissjóða og leggja sitt af mörkum við að koma sjónarmiðum lífeyrissjóða á framfæri í þeirri vinnu. Frumvarp sem lengi var í smíðum varð að lögum nr. 113/2016 þann 19. október 2016.

Eftir lagabreytingarnar var nauðsynlegt að setja nýja reglugerð um form og efni fjárfestingarstefnunnar, úttekt á ávöxtun og framkvæmd áhættustýringar. Ólafur Sigurðsson, formaður nefndarinnar, er fulltrúi lífeyrissjóða í þeirri vinnu og má vænta þess að reglugerð liggi fyrir á næstunni.

Til að tryggja að innleiðing á áhættustjórnkerfi lífeyrissjóða verði sem farsælust er mikilvægt að líta til annarra landa og því stóðu samtökin að þýðingu á leiðbeinandi reglum OECD/IOPS „Good practices for pension funds’ risk management systems“ eða „Góðar vinnureglur fyrir áhættustjórnkerfi lífeyrissjóða“. Við þessa vinnu kom skýrt fram hvað mikilvægt er að samræma hugtakanotkun á sviðinu. Því voru tekin fyrstu skrefin að orðasafni lífeyrissjóðanna sem er nú aðgengilegt á Lifeyrismal.is.

Eins og fyrr greinir var frumvarp í smíðum í alllangan tíma og varð síðan að lögum. Nefndin stóð fyrir kynningu þann 1. desember á helstu breytingum á fjárfestingarheimildum þar sem Ólafur Sigurðsson, formaður nefndarinnar, og Guðmundur Friðjónsson voru með framsögu.

Kynning á helstu breytingum á fjárfestingarheimildum lífeyrissjóða



Gestir á fundi Eigna- og áhættustýringarnefndar um helstu breytingar á fjárfestingarheimildum lífeyrissjóða.

Gjaldeyrishöft

Vegna gjaldeyrishafta sem giltu frá því síðla árs 2008 var sjóðunum lengst af ekki unnt að fjárfesta í erlendri mynt. Lífeyrissjóðir fengu þó undanþágur til fjárfestinganna frá Seðlabanka Íslands, fyrst 10 ma.kr. á síðari hluta ársins 2015 og síðan 85 ma.kr. á árinu 2016 sem skiptust þannig: 20 ma.kr. í janúar, 10 ma.kr. í maí, 40 ma.kr. í júlí og 15 ma.kr. í september. Höftunum var aflétt þann 14. mars 2017.

Mikil umræða hefur verið um mikilvægi þess að lífeyrissjóðir fjárfesti erlendis og af því tilefni setti fjármála- og efnahagsráðherra á laggirnar starfshóp til að fara yfir erlendar fjárfestingar þeirra og taka afstöðu til tiltekinna viðfangsefna í því sambandi. Verkefni hópsins var annars vegar að kortleggja árlega fjárfestingargetu lífeyrissjóðanna og hins vegar að meta hvort æskilegt sé að breyta núverandi löggjöf um erlendar fjárfestingar lífeyrissjóðanna, einkum hvort rétt sé að áskilja lágmarksfjárfestingar erlendis (gólf) eða hámarksfjárfestingar erlendis (þak).

Í starfshópnum sátu:

Gylfi Magnússon, dósent við Háskóla Íslands, formaður
Hersir Sigurgeirsson, dósent við Háskóla Íslands
Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri Landssamtaka lífeyrissjóða
Ólafur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Birtu lífeyrissjóðs
Fjóla Agnarsdóttir, hagfræðingur í fjármála- og efnahagsráðuneytinu

Niðurstöður hópsins, sem birtar voru um miðjan apríl, voru helstar:

- Lífeyrissjóðunum er í hag að gjaldeyrisviðskipti þeirra valdi sem minnstum sveiflum á gengi krónunnar. Því er æskilegt að þau verði tiltölulega jöfn og fyrir sjáanleg. Hópurinn bendir á að hugsanlegt sé að ná þessu markmiði að einhverju leyti með því að byggja á fjárfestingaráætlunum sjóðanna og skýrslugjöf til opinberra aðila, sérstaklega Seðlabanka Íslands.
- Ekki er talin bráð þörf á að breyta lögum nú, þar sem núverandi lög um skyldu-tryggingu lífeyrissjóða fela í sér verulegar heimildir til erlendar fjárfestingar. Fyrir sjáanlegt er að flestir lífeyrissjóðir muni nýta sér þær á næstu árum og áratugum að verulegu marki.
- Æskilegt er að skoðaðar verði leiðir til að koma í veg fyrir að gengisáhætta vegna erlendra eigna valdi umtalsverðum vandræðum fyrir lífeyrissjóðina og sjóðfélaga. Hugsanlegar leiðir eru reifaðar stuttlega í skýrslunni en starfshópurinn gerir þó enga þeirra að sinni tillögu.



Hádegisfundur stjórnar með framkvæmdastjórum.

Réttindanefnd

Helstu verkefni:

- Fara yfir og hafa frumkvæði að breytingum á lögum og reglum um tryggingafræðileg uppgjör og réttindabreytingar.
- Beita sér fyrir stefnumörkun um framtíðarskipan lífeyrisgreiðslna og verkaskiptingu lífeyrissjóða og Tryggingastofnunar ríkisins.

Sérstök verkefni 2016 – 2017:

- Fylgjast með og eftir atvikum beita sér varðandi framtíðarskipan örorkulífeyrisgreiðslna og verkaskiptingu lífeyrissjóða og Tryggingastofnunar.
- Fylgjast með og rýna eftir þörfum rannsókn um hugsanleg tengsl langlífis og örorku.
- Koma að væntanlegri innleiðingu á mótvægisáðgerðum vegna fyrirsjáanlegra breytinga á lífslíknatöflum.
- Rýna þá þætti við meðhöndlun á örorkumálum sem æskilegt er að samræma og koma með tillögur í þeim efnum, s.s. við að móta verklag ef til þess kemur að skilyrða örorkulífeyrisgreiðslur við þátttöku í starfsendurhæfingu.

Réttindanefnd er þannig skipuð:

Kristján Geir Pétursson, formaður, Birtu lífeyrissjóði
Árni Hrafn Gunnarsson, Gildi lífeyrissjóði
Gylfi Jónasson, Festu lífeyrissjóði
Margrét Kristinsdóttir, Lífeyrissjóði verzlunarmanna
Ólafur K. Ólafs, Lífeyrissjóði bænda
Sigríður Ómarsdóttir, Almenna lífeyrissjóðnum
Sigurbjörn Sigurbjörnsson, Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda
Vala Rebekka Þorsteinsdóttir, LSR/LH
Þóra Jónsdóttir, Brú lífeyrissjóði
Þorbjörn Guðmundsson, Birtu lífeyrissjóði

Réttindanefnd hefur á árinu haft til meðferðar fjölda mála sem varða örorkulífeyrismál og hækkun á lífaldri. Einnig hafa mál sem tengjast breytingum á lögum um almannatryggingar verið fyrirferðarmikil. Útfærslur á málum er tengjast hækkun iðgjalda sem samið var um í kjarasamningum aðila vinnumarkaðarins í ársbyrjun voru einnig á borði nefndarinnar.

Nefndin hélt 10 fundi á árinu, auk fjölda funda í starfandi undirhópum nefndarinnar. Hér verða nefnd helstu verkefni á vegum nefndarinnar:



Bjarni Guðmundsson kynnir niðurstöður rannsóknar á breytileika í lífaldri eftirlaunaþega.



Sigríður Ómarsdóttir, Arnaldur Loftsson og Hrafn Magnússon.

Sara Stefánsdóttir, Tryggvi Tryggvason, Ólafur Páll Gunnarsson, Margrét Sigurbjörnsdóttir, Margrét Kristinsdóttir, Þuríður K. Heiðarsdóttir, Jenný Ýr Jóhannsdóttir.



Rannsókn um hugsanleg tengsl langlífis og örorku

Að tillögu réttindanefndar LL var gerð rannsókn á breytileika í lífaldri meðal þeirra sem hefja töku ellilífeyris eftir því hvort viðkomandi hafi verið metinn öryrki eða ekki og mögulegum áhrifum á eftirlaunaskuldbindingu lífeyrissjóða. Gögn voru fengin frá aðildarsjóðum LL að fengnu samþykki Vísindasiðanefndar og Persónuverndar. Leitað var til Bjarna Guðmundssonar um útreikninga og Stefáns Halldórssonar um undirbúning og umsjón með framkvæmd.

Niðurstaðan varð sú, að örorka virðist vissulega valda breytileika í lífaldri eftirlaunaþega, en mat eftirlaunaskuldbindinga lífeyrissjóða myndi þó breytast óverulega þótt tekið yrði tilliti til þessa þáttar. Mest breyting yrði hjá þeim sjóðum sem nota verulegt frávik frá meðalörorkutíðni.

Niðurstöðurnar voru kynntar á Radisson Blu Saga 28. október 2016.

Hækkun framlags launagreiðenda

Nýgerðir kjarasamningar á almenna vinnumarkaðnum kveða á um hækkun á framlagi launagreiðenda í lífeyrissjóði. Samtals nemur hækkunin 3,5% af launum á tímabilinu 1. júlí 2016 til 1. júlí 2018. Fyrsta hækkunin af þremur, 0,5%, kom til framkvæmda á árinu, en næsta hækkun, 1,5%, verður 1. júlí 2017 og svo aftur 1,5% 1. júlí 2018. Á vegum LL var málið talsvert rýnt en fyrir liggur að samningurinn kallar á lagabreytingar. Innan sjóðanna eru ólíkar áherslur er lúta að ráðstöfun viðbótariðgjaldsins í samtryggingu eða séreign. Nú er unnið að málinu á vegum fjármála- og efnahagsráðuneytisins.

Reglugerð um fasteignalán til neytenda

Lög um fasteignalán til neytenda nr. 118/2016 voru nýlega samþykkt en þau fela í sér talsverðar breytingar á verklagi. Sett var reglugerð nr. 270/2017 með ítarlegri ákvæðum og skilaði vinnuhópur á vegum LL umsögn um hana, sá sami og vann að umsögn um það frumvarp sem varð að fyrrgreindum lögum.

Hópin skipaðu:

Sigurður Kári Tryggvason, Almenna lífeyrissjóðnum
 Árni Hrafn Gunnarsson, Gildi lífeyrissjóði
 Elísabet Þórey Þórisdóttir, LSR/LH
 Fanný Ósk Melbin, Brú lífeyrissjóði
 Tómas N. Möller, Lífeyrissjóði verzlunarmanna
 Einar Ingimundarson, Stapa lífeyrissjóði

Breyttar lífslíkur

Undanfarin ár hefur mikil umræða átt sér stað um breytt verkalag við útreikning á lífslíkum. Þar hefur einkum verið lagt til að reikna skuli með áframhaldandi hækkun ævilengdar. Slík breyting á aðferðafræði mun hafa áhrif á tryggingafræðilega stöðu sjóðanna. Þessi breyting hefur ekki enn verið innleidd en enn er unnið að rýni á því hvernig að því skuli staðið. Í tengslum við þetta mál varð sú breyting, að fjármála- og efnahagsráðuneytið birtir nú nýjar dánar- og eftirlífendatöflur, sem útgefnar eru af ráðherra að fengnum tillögum Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga.

Víxlverkanir

Víxlverkanir greiðslna örorkulífeyris almannatrygginga og lífeyrissjóða skapa vandkvæði fyrir sjóðfélaga og framtíðarlausn virðist ekki enn í sjónmáli. Á árinu 2011 var sett bráðabirgðaákvæði sem ætlað var að sporna tímabundið við því að hækkun á greiðslum almannatrygginga eða lífeyrissjóða leiddi til gagnkvæmrar lækkunar. Ákvæði þetta hefur ítrekað verið framlengt og gildir nú út árið 2017.

**Útsending sjóðfélaga-
yfirlita**

Vinnuhópur á vegum réttindanefndar hefur unnið að því að einfalda útsendingu sjóðfélagayfirlita þar sem litið er bæði til umhverfis- og sparnaðarsjónarmiða. Ítarlegt minnisblað var tekið saman um málið þar sem gert er ráð fyrir rafrænum sendingum í stað pappírasyfirlita. Fyrir liggur að hugmyndirnar kalla á lagabreytingar.

Í nefndinni sitja:

Arnaldur Loftsson, Frjálsa lífeyrissjóðnum
Árni Hrafn Gunnarsson, Gildi lífeyrissjóði
Sigurbjörn Sigurbjörnsson, Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda
Þórey S. Þórðardóttir, LL

**Örugg gagnasam-
skipti lífeyrissjóðanna**

Að störfum er vinnuhópur sem vinnur að bættum gagnasamskiptum lífeyrissjóðanna. Breytingar á almannatryggingalöggjöfinni kalla jafnframt á aukna upplýsingagjöf frá lífeyrissjóðum til TR. Hópurinn hefur verið að rýna mögulegar leiðir.

Í hópnum eru:

Ásgrímur Skarphéðinsson, LSR/LH
Matthildur Hermannsdóttir, Greiðslustofu lífeyrissjóða
Haraldur Arason, Lífeyrissjóði verzlunarmanna
Ólafur H. Nielsen, Lífeyrissjóði verzlunarmanna
Þóra Jónsdóttir, Brú lífeyrissjóði
Sverrir Már Viðarsson, Inít

Vegna samskipta við TR hafa þau unnið með fulltrúum TR sem eru:

Þórólfur Þórólfsson
Anna E. Sæmundsdóttir
Hermann Ólason



Gestir á fundi um breytingar á almannatryggingalöggjöfinni.

Breytingar á lögum um almannatryggingar

Undir lok árs 2016 voru samþykktar talsverðar breytingar á almannatryggingalöggjöfinni. Þessar breytingar hafa áhrif á samspil greiðslna almannatrygginga og lífeyrissjóða. Af þessum sökum var haldinn fundur fyrir starfsmenn lífeyrissjóða þar sem Sigríður Lilly Baldursdóttir, forstjóri TR, rakti helstu breytingar með áherslu á þær er viðkoma lífeyrissjóðum.

Breytingarnar á almannatryggingalöggjöfinni auka sveigjanleika við töku lífeyris, s.s. með töku lífeyris að hluta. Því var ákveðið að setja af stað vinnuhóp til að rýna hvort og þá hvaða breytingar þurfi að gera á lífeyrissjóðalöggjöfinni.

Vinnuhópurinn skipa:

Sigurður Kári Tryggvason, Almenna lífeyrissjóðnum
Þóra Jónsdóttir, Brú lífeyrissjóði
Vala Rebekka Þorsteinsdóttir, LSR/LH
Kristján Geir Pétursson, Birtu lífeyrissjóði
Árni Hrafn Gunnarsson, Gildi lífeyrissjóði
Tómas N. Möller, Lífeyrissjóði verzlunarmanna
Einar Ingimundarson, Stapa lífeyrissjóði

Fundur með VIRK

LL og VIRK héldu sameiginlegan fund undir yfirskriftinni „Starfsendurhæfing og örorkulífeyrir. Markvissari samskipti VIRK og lífeyrissjóða.“ Samkvæmt lögum er nú heimilt að skilyrða greiðslur örorkulífeyris við þátttöku í starfsendurhæfingu. Einn nefndarmanna, Vala Rebekka Þorsteinsdóttir, kynnti hugmyndir að samræmdu verklagi sjóðanna.



Arnaldur Loftsson, Júlíus Valsson, Matthildur Hermannsdóttir, Sigurlín Guðný Ingvarsdóttir, Sigríður Ómarsdóttir.

Fræðslunefnd

Helstu verkefni:

- Skipuleggja og hafa frumkvæði að námskeiðahaldi og almennri fræðslu fyrir lífeyrissjóði.
- Vinna að kynningarefni um lífeyriskerfið.
- Efla og halda fræðslusíðu LL við.

Sérstök verkefni 2016–2017:

- Fylgjast með og styðja við vinnu Viðburðahóps.
- Umsjón með vinnu við uppfærslu á Lífeyrisgáttinni.
- Koma með tillögur að aðferðum við að fræða almenning um lífeyrissjóðakerfið.
- Semja fræðslu- og námskeiðaáætlun samtakanna 2016–2017

Nefndarmenn:

Ágústa H. Gísladóttir, formaður, LSR/LH
Arnaldur Loftsson, Frjálsa lífeyrissjóðnum
Gerður Björk Guðjónsdóttir, Lífeyrissjóði verzlunarmanna
Harpa Ólafsdóttir, Gildi lífeyrissjóði
Huld Aðalbjarnardóttir, Stapa lífeyrissjóði
Ólafur Páll Gunnarsson, Íslenska lífeyrissjóðnum
Soffía Gunnarsdóttir, Birtu lífeyrissjóði

Mikið hefur mætt á fræðslunefndinni á árinu, því eins og fram hefur komið setti stjórn LL fræðslumálin á oddinn á starfsárinu. Nefndin hefur haldið 10 fundi þar sem hún skipulagði og fylgdi eftir verkefnum sem lúta að fræðslumálum fyrir lífeyrissjóðina, bæði er varða innri starfsemi þeirra og upplýsingar til sjóðfélaga og annarra.

Nefndin skipuleggur ýmsa fræðsluviðburði og í upphafi starfsárs setti hún fram mjög metnaðarfulla fræðslu- og námskeiðaáætlun. Hádegisfræðsluerindi eru fastur liður í starfsemi nefndarinnar.

Nefndin fylgdist náið með framvindu mála varðandi nýja vefinn og Facebook-síðuna og var LL innan handar við gerð hans. Nýi vefurinn, **Lífeyrismál.is**, sameinar í einn vef fjóra aðra vefi sem samtökin hafa haldið úti undanfarin ár. Þetta eru www.ll.is, sem var vefur landssamtakanna og hugsaður meira inn á við og fyrir stjórnvöld og stofnanir, www.gottadadita.is [goodtoknow.is og dobrzewiedziec.is], þar sem leitast var við að svara helstu spurningum um lífeyriskerfið og heitir nú „Spurt og svarað“, www.lifeyrisgattin.is, þar sem

Nýja vefsíðan – Lífeyrismál.is



Þrjá kynslóðir.
Andlit lífeyrissjóðanna.



sjóðfélagar geta nálgast heildaryfirlit yfir réttindi í sameignarsjóðum og www.vefflugan.is, sem var fréttabréf LL og sent út með tölvupósti með reglulegu millibili.

Vefsíðufyrirtækið Stefna hafði veg og vanda af gerð vefsíðunnar. Forsíðuna prýða þrjár kynslóðir kvenna, þær Sunneva, Ósk og Jóhanna. Þær tvær síðarnefndu eru mæðgur og voru í aðalhlutverkum í sjónvarpsauglýsingunni. Ljósmyndarinn er Gunnar Svanberg. Sérstakur rýnihópur skipaður starfsfólki lífeyrissjóðanna og almennum notendum rýndi síðuna á lokametrunum og kom sú vinna mjög vel út til að upplýsingagildi síðunnar yrði sem mest. Nýja vefsíðan hefur fengið góðar viðtökur og er von okkar að með henni verði aðgengi fyrir almenning að upplýsingum um lífeyriskerfið mun auðveldara og skemmtilegra. Nýtt merki, sem samsvarar merki Lífeyrisgáttarinnar, var sett í loftið af þessu tilefni.

Fræðslumál í skólum



Kristín Lúðviksdóttir, verkefnastjóri Fjármálavits, Katrín Júlíusdóttir, framkvæmdastjóri SFF, bórey S. bórdardóttir, framkvæmdastjóri LL, og Rakel Fleckenstein Björnsdóttir, verkefnastjóri LL.

Samningur um aðild LL að Fjármálaviti, fræðsluverkefnum SFF í 10. bekk í grunnskólum landsins, var undirritaður 29. mars. Þann sama dag stóðu SFF og Stofnun um fjármálalæsi fyrir ráðstefnu sem bar yfirskriftina „Ungt fólk & fjármálalæsi“ og var Gunnar Baldvinsson, framkvæmdastjóri Almenna lífeyrissjóðsins, þar í pallborði. Öllum grunnskólum landsins gefst kostur á að taka þátt í Fjármálaviti og fara starfsmenn aðildarfélaga SFF, sem eru bankar og tryggingafélög, og lífeyrissjóðanna, inn í kennslustund og leiðbeina unglíngunum með fyrirfram ákveðin verkefni sem tengjast fjármálum og fjármálalæsi og sér í lagi þeirra eigin fjármálum. Frá og með haustinu verða starfsmenn lífeyrissjóðanna orðnir virkir þátttakendur í kennslunni. Nýjasta bók Gunnars Baldvinssonar, framkvæmdastjóra Almenna lífeyrissjóðsins, *Lífið er rétt að byrja*, verður notuð við kennsluna.

ASÍ hefur undanfarin ár boðið framhaldsskólanemum upp á fræðslu um starfsemi ASÍ og stéttarfélaganna. Starfsmaður ASÍ annast kennsluna með fyrirlestri og myndböndum. Í kennslunni er komið inn á launaseðilinn og ungmennunum sagt frá því að þau greiði 4% í lífeyrissjóð. Þarna þótti LL kjörið að fá örlitla innkomu með einu myndbandi eða svo og útfæra það aðeins nánar hvers vegna greitt er í lífeyrissjóð og hvað það þýðir fyrir greiðendur og fjölskyldur þeirra. Það var auðsótt þegar eftir því var leitað hjá ASÍ og stendur nú yfir gerð 50-60 sek. kennslumyndbands sem með haustinu verður komið inn í kennsludagskrá ASÍ.

Samstarf við Félagsmálaskóla alþýðu

Undanfarin ár hafa LL verið í samstarfi við Félagsmálaskóla alþýðu varðandi námskeiðahald fyrir starfsfólk og stjórnarmenn lífeyrissjóðanna. Í vetur voru þrjú námskeið sett á laggirnar: „Lífeyrissjóðir á samfélagsmiðlum“ 3. febrúar, „Hvað er samfélagsleg ábyrgð?“ 24. febrúar og „Samfélagsleg ábyrgð í fjárfestingum lífeyrissjóða“ 10. mars. Námskeið þar sem tveir erlendir sérfræðingar á vegum DnB NOR Asset Management í Noregi fjölluðu um siðferðisleg viðmið í fjárfestingum lífeyrissjóða og reynslu Norðurlandanna var haldið 22. maí.



Hádegisfræðslufundur á vegum fræðslunefndar: Sigurborg Reynisdóttir, Bjarney Sigurðardóttir, Pálína Hallgrímsdóttir og Sverrir Reynisson.



Huld Aðalbarnardóttir, Ágústa H. Gísladóttir, Gerður Björk Guðjónsdóttir, Harpa Ólafsdóttir, Arnaldur Loftsson og Rakel Fleckenstein Björnsdóttir

Samskiptanefnd

Helstu verkefni:

- Móta stefnu í sameiginlegum kynningarmálum um lífeyrissjóðina.
- Annast samskipti við fjölmiðla og fjölmiðlavöktun.

Sérstök verkefni 2016–2017:

- Fylgjast með og styðja við vinnu Viðburðahóps
- Efla skipuleg almannatengsl á vegum LL
- Semja áætlun um samskipta- og kynningarmál samtakanna 2016–2017

Nefndarmenn:

Þorbjörn Guðmundsson, formaður, Birtu lífeyrissjóði
Arnar Sigurmundsson, Lífeyrissjóði Vestmannaeyja
Árni Guðmundsson, Gildi lífeyrissjóði
Gunnar Baldvinsson, Almenna lífeyrissjóðnum
Haukur Hafsteinsson, LSR/LH
Kristbjörg Stephensen, Brú lífeyrissjóði
Úlfar Steindórsson, Lífeyrissjóði verzlunarmanna
Þórdís Hadda Yngvadóttir, Brú lífeyrissjóði
Þórey S. Þórðardóttir, LL
Þórhallur Jósepsson, Lífeyrissjóði verzlunarmanna

Samskiptanefndin vinnur þvert á aðrar nefndir. Á vegum nefndarinnar eru dagleg málefni sjóðanna rædd og fulltrúar fjölmiðla upplýstir um þau viðfangsefni sem rétt er að koma til almennings. Nefndin kemur einnig að undirbúningi og skipulagningu verkefna í samstarfi við aðrar nefndir.

Nefndin hélt átta fundi á árinu.

Viðburðahópur, sem starfar bæði undir Samskiptanefnd og Fræðslunefnd, kemur að viðburðum er tengjast fræðslu- og kynningarátaki LL. Rákel Fleckenstein Björnsdóttir, sem kom til starfa hjá LL á árinu, hefur unnið náið með hópnum og nefndinni.

Í viðburðahópnum eru:

Þórey S. Þórðardóttir, LL
Ágústa H. Gísladóttir, LSR/LH
Helga Sveinbjörnsdóttir, Arion banka
Þórhallur B. Jósepsson, Lífeyrissjóði verzlunarmanna
Halldór Bachmann, Almenna lífeyrissjóðnum
Þórdís Hadda Yngvadóttir, Brú lífeyrissjóði
Íris Anna Skúladóttir, Birtu lífeyrissjóði

Í ársbyrjun lagði nefndin fram heildstæða áætlun í kynningarmálum lífeyrissjóðanna til næstu tveggja ára. Auknar áherslur stjórnar í fræðslu- og kynningarmálum kölluðu á náið samstarf fræðslu- og samskiptanefndar. Kynningarátaki sjóðanna var ýtt úr vör með gerð sjónvarpsauglýsingar, sem frumsýnd var þegar Ísland mætti Portúgal í Saint Étienne á EM í fótbolta í júní. Auglýsingamaðurinn Dagur Hilmarsson annaðist handrit og hönnun og kvikmyndaframleiðandinn Republik ehf. gerði myndina. Í myndinni birtist sögubrot af mæðgum í fallegu umhverfi á Íslandi (nánar tiltekið á Reyðarfirði). Móðirin lítur til baka en dóttirin fram á veg út í lífið. „Lífeyrissjóðurinn þinn“ er bakhjarl beggja. Auglýsingin var síðan sýnd um jól og áramót þar sem jólakveðja samtakanna var lesin inn í lok auglýsingar með tilheyrandi jólasnjó og í mars sl. var merkinu fyrir **Lífeyrismál.is** bætt inn í.



Auglýsingin hefur verið sýnd með reglulegu millibili, bæði í sjónvarpi og í kvikmyndahúsum borgarinnar.

Fundur með þingmönnum

Fastur liður í starfi nefndarinnar er fundur með þingmönnum þar sem farið er yfir helstu staðreyndir að baki íslenska lífeyriskerfinu. Fundurinn var haldinn í húsakynnum sam-takanna þriðjudaginn 22. febrúar og boðið var upp á léttan hádegisverð. Einungis örfáir þingmenn sáu sér fært að mæta þennan dag, þessi vettvangur er mjög mikilvægur fyrir báða aðila, sér í lagi fyrir nýja þingmenn, og ætti að fá mun meiri athygli en raun ber vitni.

Hagtöluhópur

Á vegum nefndarinnar er starfandi hagtöluhópur sem tekur saman ítarleg gögn um helstu hagtölur sem tengjast starfsemi lífeyrissjóða. Gögnin gefa mikilvægar upplýsingar um hagstærðir sjóðanna í íslensku hagkerfi og ávöxtun og greiðslur lífeyris til sjóðfélaga. Hagtölurnar eru aðgengilegar á Lifeyrismal.is.

Hópurinn skipa:

Sara Stefánsdóttir, Greiðslustofu lífeyrissjóða
Þorkell Sigurgeirsson, LSR/LH
Þór Egilsson, Lífeyrissjóði verzlunarmanna
Þórhildur Stefánsdóttir, Almenna lífeyrissjóðnum

Lífeyrismál.is – Greinaskrif

Þær upplýsingar sem áður voru aðgengilegar á fjórum vefsíðum eru nú aðgengilegar á nýjum upplýsingavef, Lifeyrismal.is. Á vefnum eru reglulega birtar fréttir og áhugaverðar greinar um lífeyriskerfið, sem og viðtöl við fólk í leik og starfi. Verður upplýsingum um efni vefsins komið á framfæri í netfréttabréfi og í mánaðarpósti til starfsmanna lífeyrissjóðanna og stjórnarmanna.

Lifeyrismal.is tók einnig flugið á Facebook. Fyrirtækið Sahara, sem sérhæfir sig í samskiptamiðlum, var fengið til að aðstoða við uppbyggingu síðunnar og efnistösk en aðal-áherslan er lögð á að vekja athygli á vefnum Lifeyrismal.is og benda fólki á ýmsan fróðleik sem þar er að finna um lífeyriskerfið og lífeyrissjóðina. Nú eru yfir 800 fylgjendur á síðunni og þeim fjölga ört.

Til að halda vefsíðunni og Facebook-síðunni upplýsandi og lifandi var settur á laggirnar hópur sem heldur utan um greinaskrif á Lifeyrismal.is. Hlutverk hópsins er að tryggja að alltaf sé til nægilega mikið af góðu efni í formi viðtala og greina, sem eru virðisauki við það efni sem er fyrir á vefnum, til að halda úti lifandi og upplýsandi vef og netfréttabréfi sem sent verður áskrifendum Vefflugunnar og öðrum sem skrá sig á netfangalista síðunnar.

Hópurinn skipa:

Rakel Fleckenstein Björnsdóttir, ritstjóri
Þórdís Hadda Yngvadóttir, Brú lífeyrissjóði
Þórhallur Jósepsson, Lífeyrissjóði verzlunarmanna
Atli Rúnar Halldórsson, aðstoð við almannatengsl og kynningar

Úrskurðar- og umsagnarnefnd

Samkvæmt 10. gr. Samkomulags um samskipti lífeyrissjóða ber Landssamtökum lífeyrissjóða að skipa í úrskurðar- og umsagnarnefnd. Ákvæðið er svohljóðandi:

Skipa skal þriggja manna úrskurðar- og umsagnarnefnd til að fjalla um mál er varða framkvæmd samkomulags þessa. Landssamtök lífeyrissjóða skipa nefndarmenn þessa ásamt þremur mönnum til vara til fjögurra ára í senn.

Stjórn LL tók þá ákvörðun þann 28. júní 2016 að halda óbreyttri skipan nefndarinnar til næstu fjögurra ára.

Nefndarmenn:

Vala Rebekka Þorsteinsdóttir, formaður, LSR/LH
 Margrét Kristinsdóttir, Lífeyrissjóði verzlunarmanna
 Örn Guðnason, Gildi lífeyrissjóði

Varamenn:

Sigurbjörn Sigurbjörnsson, Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda
 Sigþrúður Jónasdóttir, Birtu lífeyrissjóði
 Matthildur Hermannsdóttir, Greiðslustofu lífeyrissjóða

Ekkert mál kom til kasta nefndarinnar á starfsárinu og ætla má að það teljist frekar af hinu góða.

Samanburður lífeyris-kerfa fimm Evrópuríkja

Starfshópur á vegum LL tók saman gögn frá OECD – Efnahags- og framfarastofnuninni – og öðrum opinberum stofnunum til að bera íslenska lífeyriskerfið saman við lífeyriskerfi Bretlands, Danmerkur, Hollands og Svíþjóðar. Samantektin var birt í mars 2017 og sýnir að íslenska kerfið kemur vel út í þessum samanburði:

- Ísland er með afgerandi hæst hlutfall ellilífeyris úr söfnunarkerfum (starfstengdum lífeyrissjóðum og séreignarsparnaði). Í hinum löndunum fjórum kemur meirihluti lífeyris úr opinberum gegnumstreymiskerfum.



Benedikt Jóhannesson, fjármála- og efnahagsráðherra.



Stefán Halldórsson, verk-efnastjóri LL.

- Á Íslandi er jöfnuður í tekjum meiri en í hinum löndunum, hér eru hlutfallslega færri undir fátæktarmörkum og lífeyrisþegar koma allvel út hvað þetta varðar í samanburði við aðra landsmenn og við lífeyrisþega hinna landanna.
- Íslenska kerfið sker sig úr með mikilli tekjutengingu lífeyris úr opinbera kerfinu. Ísland er jafnframt eina landið þar sem lífeyrir úr opinbera kerfinu fellur niður ef tekjur frá lífeyrissjóðum fara yfir tiltekin mörk.
- Á Íslandi eru útgjöld hins opinbera til ellilífeyris sem hlutfall af landsframleiðslu mun minni en í hinum löndunum fjórum. Að hluta má rekja þetta til þess að hlutfall eldri borgara af heildarmannfjölda er lægra en í samanburðarlöndunum.
- Það bætir útkomu Íslands í ofangreindum samanburði, að hér á landi er fólk að jafnaði mun lengur virkt á vinnumarkaði en í hinum löndunum, fer seinna á lífeyri og ávinnur sér þannig meiri réttindi.

Hópin skiptuðu:

Stefán Halldórsson, LL
Tómas N. Möller, Lífeyrissjóði verzlunarmanna
Þórey S. Þórðardóttir, LL

Marianna Jónasdóttir í fjármála- og efnahagsráðuneytinu veitti hópnum ráð í upphafi. Rakei Fleckenstein Björnsdóttir, LL, starfaði með hópnum á síðari stigum. Björn Z. Ásgrímsson, FME, veitti ráðgjöf um efnistöð og heimildir, m.a. frá OECD þar sem hann var starfsmaður um skeið.

7. mars 2017 var samantektin kynnt fyrir fullu húsi á Grandhótelu. Fjármála- og efnahagsráðherra, Benedikt Jóhannesson, var gestur fundarins.



Gestir á kynningu starfshóps LL um niðurstöður samanburðar lífeyriskerfa í fimm ríkjum.




ERLENT SAMSTARF

Landssamtök Lífeyrissjóða eru aðili að PensionsEurope / PE [áður EFRP]. Samtökin hafa aðsetur í Brussel og eru vettvangur samvinnu samtaka lífeyrissjóða innan einstakra ríkja ESB og EFTA. Nú eiga 23 landssamtök aðild að PE frá 20 löndum ESB og EFTA. Aðild LL er í formi áheyrnaraðildar sem felur í sér rétt til setu á fundum á vegum samtakanna, aðgang að innri vef þeirra, málefnavarfi og þátttöku í könnunum sem gerðar eru á vegum PE um stöðu lífeyrismála í aðildarríkjunum. Aðild að samtökunum veitir þannig góða möguleika á því að fylgjast með straumum og stefnumum í þróun löggjafar ESB sem varðar lífeyrissjóði, sem og þróun þessara mála í þeim löndum sem við berum okkur gjarnan saman við. Löggjafarstarf á vegum ESB varðar í flestum tilvikum Ísland beint þar sem bróðurpartur þeirra tilskipana og reglugerða ESB sem hér um ræðir varðar innri markað Evrópska efnahagssvæðisins.

PensionsEurope heldur svonefnda GAM fundi [General Assembly Meeting] tvisvar á ári. Fulltrúi LL, Tómas N. Möller, situr þá fundi ásamt framkvæmdastjóra LL. Þar eru til kynningar og umræðu þau atriði sem efst eru á baugi á hverjum tíma. Má þar m.a. nefna að PE hafa talað gegn því að teknar verði upp flóknar og margbrotnar gjaldþolsreglur fyrir lífeyrissjóði. Málflutningur samtakanna hefur átt þátt í því að horfið hefur verið frá slíku af hálfu ESB. Þá er nú unnið að innleiðingu nýrrar tilskipunar um starfstengda lífeyrissjóði [2016/2341/EB] sem tekur við af tilskipun sem innleidd var í íslenskan rétt með lögum nr. 78/2007 [2003/41/EB]. Tilskipanirnar hafa takmörkuð bein áhrif á starfsemi íslenskra lífeyrissjóða. Óbein áhrif geta hins vegar verið margþætt eins og sést m.a. af því að texti fyrri tilskipunarinnar var hafður til hliðsjónar við endurskoðun lagareglna um fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða sem taka gildi 1. júlí 2017. Þá koma samtökin einnig að verkefnum sem lúta að skilvirkni í upplýsingagjöf lífeyrissjóða til opinberra aðila innan ESB [EES], viðbótum við félagaréttartilskipun ESB sem varðar stjórnarhætti hlutafélaga og stefnumótun á vettvangi ESB sem lýtur að séreignarlífeyrissparnaði og innri markaði fyrir hann.

PE hefur gefið út viðmið/leiðbeiningar um uppbyggingu lífeyrissjóða/kerfa sem byggja á svokölluðum skilgreindum framlögum/iðgjöldum [e. Defined Contribution / DC]. Á næstunni er stefnt að því að gefa út viðmið/vegvísi fyrir góða stjórnarhætti slíkra lífeyrissjóða. Viðmið þessi og leiðbeiningar ættu að geta gagnast íslenskum lífeyrissjóðum, einkum þeim sem njóta ekki bakábyrgðar vinnuveitenda.

Nánari upplýsingar um PensionsEurope má finna á vef samtakanna: www.pensionseurope.eu



FUNDIR, RÁÐSTEFNUR, NÁMSKEIÐ O.FL.

Helstu fundir, ráðstefnur og viðburðir sem fram hafa farið á vettvangi LL frá síðasta aðalfundi.

2016

- 15. júní** Kynningarátak LL hófst með formlegum hætti með sjónvarpsauglýsingu sem samtökin létu gera og frumsýnd var í tengslum við EM karla í fótbolta 2016.
- Ágúst** Námskeið til undirbúnings hæfismati FME fyrir stjórnarmenn lífeyrissjóða. Félagsmála-skóli alþýðu hélt námskeiðið í samstarfi við LL.
- 13. september** Vinnu- og stefnumótunarfundur stjórnar LL á Bifröst í Borgarfirði.
- 3. október** Vegna mistaka sem áttu sér stað við birtingu vísitölu Hagstofunnar voru fulltrúar lífeyrissjóðanna boðaðir á fund til að fara yfir málið og meta hugsanleg viðbrögð.
- 24. október** Sendinefnd á vegum kínverskra stjórnvalda fékk kynningu á íslenska lífeyriskerfinu.
- 26. október** Sameiginlegur fundur VIRK og lífeyrissjóðanna um starfsendurhæfingu og örorkulífeyri og markvissari samskipti VIRK og lífeyrissjóða.
- 28. október** Kynning Bjarna Guðmundssonar og Stefáns Halldórssonar á niðurstöðum rannsóknar á áhrifum örorku á breytileika í lífaldri.
- 3. nóvember** Fulltrúar LL og FME hafa haldið reglulega óformlega fundi til að fara yfir helstu málefni er varða verkefni FME og lífeyrissjóðanna. Fundirnir hafa reynst gagnlegir og eru til þess fallnir að efla samskipti milli lífeyrissjóðanna og eftirlitsins.
- 7. nóvember** Kynningarfundur á vegum Ladies Circle á Íslandi þar sem Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri LL, hélt fræðslu um lífeyrissjóðakerfið.
- 15. nóvember** Fundur með Hagstofu Íslands vegna upplýsinga frá lífeyrissjóðunum um sjóðfélagalán.
- 15. nóvember** Kynning á lífeyrissjóðakerfinu fyrir þýska sendiherrann og sendinefnd á vegum sendiráðsins.
- 16. nóvember** Haldinn fræðslufundur um íslenska lífeyrissjóðakerfið hjá Félagi eldri borgara.
- 17. nóvember** Fulltrúar LL tóku þátt í þjóðfundum Tryggingarstofnunar ríkisins.
- 1. desember** Kynning Eigna- og áhættustýringarnefndar á helstu breytingum nýrra laga um fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða.
- 7. desember** Kynning á helstu breytingum almannatryggingalaga. Sigríður Lillý Baldursdóttur, forstjóri TR, fór yfir þær breytingar sem snúa að lífeyrissjóðunum.
- 13. desember** Frumkynning Talnakönnunar á lífeyrisgreiðslulíkani sem fyrirtækið hannaði fyrir LL. Líkanið er aðgengilegt á Lifeyrismal.is

2017

- 9. janúar** Heimsókn til Samkeppniseftirlitsins þar sem forsvarsmenn lífeyrissjóðanna fengu kynningu á stofnuninni og helstu reglum samkeppnisréttar.
- 10. janúar** Árlegur hádegisfundur með framkvæmdastjórum sjóðanna í boði stjórnar LL.
- 3. febrúar** Endurmenntunarnámskeið Félagsmálaskóla alþýðu í samstarfi við LL: Lífeyrissjóðir á samfélagsmiðlum. Leiðbeinandi Þorsteinn Mar Gunnlaugsson.
- 15. febrúar** Skipting ellilífeyrisréttinda. Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri LL, fór yfir helstu atriði málsins fyrir starfsfólk sjóðanna.
- 22. febrúar** Stjórn LL boðaði alþingismenn í hádegisspjall til að fara yfir mikilvæg hagsmunamál lífeyrissjóðanna.
- 23. febrúar** Þér er boðið! Starfsfólki og stjórnarmönnum lífeyrissjóðanna boðið til samkomu á Grand-hotelli þegar nýr vefur **Lífeyrismál.is** og Facebook-síða LL var formlega opnuð. Fræðsluáætlun LL kynnt og Ari Eldjárn skemmti.
- 24. febrúar** Kynning Persónuverndar á nýrri persónuverndarlöggjöf 2018.
- 24. febrúar** Endurmenntunarnámskeið Félagsmálaskóla alþýðu í samstarfi við LL: Hvað er samfélagsleg ábyrgð? Leiðbeinandi Kristján Geir Pétursson.
- 7. mars** „Lífeyriskerfi á vogarskál“. Kynning á samanburði lífeyriskerfa í fimm Evrópuríkjum sem LL lét taka saman. Stefán Halldórsson, verkefnastjóri LL, kynnti greinargerðina. Benedikt Jóhannesson, fjármála- og efnahagsráðherra, var gestur fundarins.
- 10. mars** Endurmenntunarnámskeið Félagsmálaskóla alþýðu í samstarfi við LL: Samfélagsleg ábyrgð í fjárfestingum lífeyrissjóða. Leiðbeinendur Lára Jóhannsdóttir og Viktoría Valdimarsdóttir.
- 1. apríl** Morgunfundur Sjálfstæðisfélagsins í Kópavogi þar sem Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri LL flutti kynningu á lífeyrissjóðakerfinu.
- 5. maí** Þátttaka fulltrúa LL í örmálstofu í tilefni Lagadagsins þar sem framkvæmdastjóri LL vakti athygli lögfræðistéttarinnar á þeim möguleika að jafna ellilífeyrisréttindi milli hjóna og sambúðarfólks.
- 22. maí** Endurmenntunarnámskeið Félagsmálaskóla alþýðu í samstarfi við LL: Tveir sérfræðingar á vegum DnB NOR Asset Management í Noregi ræddu siðferðisleg viðmið í fjárfestingum lífeyrissjóða.

Viðtöl á **Lífeyrismál.is** frá opnun 24. febrúar

Skipting lífeyrisréttinda er sannarlega athugunar virði fyrir hjón og sambúðarfólk

Viðtal við framkvæmdastjóra LL um skiptingu ellilífeyrisréttinda.

Reynsla úr Heimaeyjargosinu notadrjúg í bankahrúni

Viðtal við Arnar Sigurmundsson, sem verið hefur í stjórn LL frá stofnun samtakanna og lætur nú af störfum eftir mjög farsælt starf.

Litast um í völundarhúsi tvísköttunar


Viðtal við Guðrúnu Jenný Jónsdóttur, sérfræðing hjá Ríkisskattstjóra, um tvísköttun.

Ísland er ekki eyland í umhverfis- og loftlagsmálum

Viðtal við Láru Jóhannsdóttur, lektor í HÍ, um samfélagslega ábyrgð.

Hvernig eignast ungt fólk íbúð?

Viðtal við Ólaf Sigurðsson, framkvæmdastjóra Birtu lífeyrissjóðs, og tvö ung pör sem nýverið fjárfestu í sinni fyrst íbúð.



AÐILDARSJÓÐIR LANDSSAMTAKA LÍFEYRISSJÓÐA

Lífeyrissjóðir á Íslandi eru 25 talsins og fækkaði um einn á árinu við sameiningu Sameinaða lífeyrissjóðsins og Stafa lífeyrissjóðs undir nafninu Birta lífeyrissjóður. Sjóðunum hefur fækkað verulega; árið 1980 voru þeir 96 talsins.

Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga tók upp nýtt nafn á árinu og heitir nú Brú lífeyrissjóður.

Lífeyrissjóðir	Hrein eign des. 2016 [millj.kr.]	% af heildareignum
Lífeyrissjóður verzlunarmanna	583.675.552	17,8
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins	582.946.781	17,8
Gildi lífeyrissjóður	455.062.825	13,9
Birta lífeyrissjóður	311.952.879	9,5
Stapi lífeyrissjóður	179.271.650	5,5
Almenni lífeyrissjóðurinn	174.151.082	5,3
Frjálsi lífeyrissjóðurinn	173.857.228	5,3
Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda	139.715.063	4,3
Brú lífeyrissjóður	114.421.736	3,5
Festa lífeyrissjóður	112.388.650	3,4
Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar	72.230.084	2,2
Lífeyrissjóður bankamanna	67.591.975	2,1
Lífsverk lífeyrissjóður	66.338.263	2
Íslenski lífeyrissjóðurinn	54.828.938	1,7
Lífeyrissjóður Vestmannaeyja	45.387.227	1,4
Lífeyrissjóður bænda	30.578.457	0,9
Eftirlaunasjóður FÍA	29.762.579	0,9
Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga	27.733.912	0,8
Lífeyrissjóður starfsmanna Búnaðarbanka Íslands hf.	21.237.046	0,6
Lífeyrissjóður starfsmanna Akureyrarbæjar	10.335.402	0,3
Lífeyrissjóður Rangæinga	9.333.873	0,3
Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands	4.751.803	0,1
Lífeyrissjóður starfsmanna Kópavogsbæjar	4.176.693	0,1
Eftirlaunasjóður Reykjanesbæjar	3.945.305	0,1
Samtals	3.275.675.003	100

Heimild: Ársreikningaskrá Fjármálaeftirlitsins.



LANDSSAMTÖK LÍFEYRISSJÓÐA

ÁRSREIKNINGUR 2016



SKÝRSLA OG ÁRITUN STJÓRNAR OG FRAMKVÆMDASTJÓRA

Landssamtök lífeyrissjóða voru stofnuð 18. desember 1998. Í árslok 2016 voru aðildarsjóðir 24. Landssamtökum lífeyrissjóða er ætlað að vera málsvari lífeyrissjóða og gæta hagsmuna sjóðfélaga þeirra.

Ársreikningur Landssamtaka lífeyrissjóða fyrir árið 2016 er gerður með sambærilegum hætti og ársreikningur samtakanna árið á undan. Samkvæmt rekstrarreikningi námu rekstrartekjur 110,0 millj. kr. og tap af rekstrinum var 9,0 millj. kr. Eigið fé í árslok nam 76,9 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi, en eigið fé í ársbyrjun var 85,9 millj. kr.

Stjórn Landssamtaka lífeyrissjóða og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning þeirra fyrir árið 2016 með undirritun sinni.

Reykjavík, 28. mars 2017

Stjórn Landssamtaka lífeyrissjóða:

Þorbjörn Guðmundsson

Haukur Hafsteinsson

Arnaldur Loftsson

Arnar Sigurmundsson

Gylfi Jónasson

Harpa Ólafsdóttir

Huld Aðalbjarnardóttir

Kristbjörg Stephensen

Úlfar Steindórsson

Framkvæmdastjóri:

Þórey S. Þórðardóttir

ÁRITUN ÓHÁÐS ENDURSKOÐANDA

Til stjórnar og aðildarsjóða Landssamtaka Lífeyrissjóða

ÁRITUN UM ENDURSKOÐUN ÁRSREIKNINGSINS

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Landssamtaka Lífeyrissjóða („félagið“) fyrir árið 2016. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstremmysyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2016, fjárhagsstöðu þess 31. desember 2016 og breytingu á handbæru fé á árinu 2016, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 28. mars 2017

KPMG ehf.

Sæmundur Valdimarsson

REKSTRARREIKNINGUR ÁRSINS 2016

	Skýr	2016	2015
REKSTRARTEKJUR			
Árgjöld	1b	<u>110.000.000</u>	<u>110.000.000</u>
REKSTRARGJÖLD			
Laun og launatengd gjöld	2	54.502.137	55.212.359
Annar rekstrarkostnaður	3	<u>68.154.111</u>	<u>33.035.373</u>
		<u>122.656.248</u>	<u>88.247.732</u>
[Rekstrartap] -hagnaður		[12.656.248]	21.752.268
Vaxtatekjur		3.658.909	2.864.780
Vaxtagjöld		[20.096]	[19.049]
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals		<u>3.638.813</u>	<u>2.845.731</u>
[Tap] hagnaður ársins	5	[<u>9.017.435</u>]	<u>24.597.999</u>

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2016

Eignir

	Skýr.	2016	2015
FASTAFJÁRMUNIR			
Áhættufjármunir:			
Eignarhlutir í félögum	4	<u>672.208</u>	<u>672.208</u>
Fastafjármunir samtals		<u>672.208</u>	<u>672.208</u>
VELTUFJÁRMUNIR			
Skammtímakröfur		47.823	1.302.686
Handbært fé		<u>94.067.235</u>	<u>93.681.461</u>
Veltufjármunir samtals		<u>94.115.058</u>	<u>94.984.147</u>
Eignir samtals		<u>94.787.266</u>	<u>95.656.355</u>

Eigið fé og skuldir

	Skýr.	2016	2015
Eigið fé	5	<u>76.881.678</u>	<u>85.899.113</u>
SKAMMTÍMASKULDIR			
Ýmsar skammtímaskuldir		<u>17.905.588</u>	<u>9.757.242</u>
Skuldir samtals		<u>17.905.588</u>	<u>9.757.242</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>94.787.266</u>	<u>95.656.355</u>

**SJÓÐSTREYMISYFIRLIT ÁRSINS 2016**

	Skýr.	2016	2015
REKSTRARHREYFINGAR			
[Tap] hagnaður ársins	5	[9.017.435]	24.597.999
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir		<u>0</u>	<u>149.097</u>
Veltufé [til] frá rekstri		[<u>9.017.435</u>]	<u>24.747.096</u>
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda:			
Skammtímakröfur, lækkun		<u>1.254.863</u>	<u>2.478.297</u>
Skammtímaskuldir, hækkun		<u>8.148.346</u>	<u>537.102</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum		<u>9.403.209</u>	<u>3.015.399</u>
Handbært fé frá rekstri		<u>385.774</u>	<u>27.762.495</u>
FJÁRFESTINGARHREYFINGAR			
Seldir eignarhlutir í félagi		<u>0</u>	<u>10.000</u>
Fjárfestingarhreyfingar		<u>0</u>	<u>10.000</u>
Hækkun á handbæru fé		385.774	27.772.495
Handbært fé í ársbyrjun		<u>93.681.461</u>	<u>65.908.966</u>
Handbært fé í árslok		<u>94.067.235</u>	<u>93.681.461</u>

SKÝRINGAR

1. Reikningsskilaaðferðir

- a.** Ársreikningur Landssamtaka lífeyrissjóða er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.
- b. Innlaun tekna**
Árgjöld aðildarsjóðanna á árinu 2016 taka mið af heildareignum sjóðanna í samtryggingu og séreign samkvæmt ársreikningum þeirra fyrir árið 2015. Einnig er fast lágmarksgjald á hvern aðildarsjóð 75 þús. kr.
- c. Eignarhlutir í félögum**
Eignarhlutir í félögum eru eignfærðir á kostnaðarverði.

2. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	2016	2015
Laun stjórnar og varastjórnar	9.445.000	8.925.000
Laun formanna fastanefnda	3.500.000	1.960.000
Laun og hlunnindi starfsmanna	<u>32.065.362</u>	<u>33.599.792</u>
Laun samtals	45.010.362	44.484.792
Launatengd gjöld	<u>9.491.775</u>	<u>10.727.567</u>
Laun og launatengd gjöld samtals	<u>54.502.137</u>	<u>55.212.359</u>
Meðalfjöldi starfsmanna á árinu umreiknaður í heilsársstörf	2,0	2,3

Laun og hlunnindi framkvæmdastjóra, stjórnarmanna og formanna fastanefnda greinist þannig:

Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri	22.604.004	20.790.588
Þorbjörn Guðmundsson, formaður stjórnar og samskiptanefndar ..	2.625.000	1.470.000
Haukur Hafsteinsson, varaformaður	1.312.500	1.060.000
Arnar Sigurmundsson	875.000	815.000
Gylfi Jónasson	875.000	815.000
Kristbjörg Stephensen	875.000	815.000
Arnaldur Loftsson	875.000	587.500
Huld Aðalbjarnardóttir	875.000	490.000
Harpa Ólafsdóttir	525.000	0
Úlfar Steindórrson	525.000	0
Ásta Rut Jónsdóttir	350.000	815.000
Heiðrún Jónsdóttir	210.000	815.000
Erla Ósk Ásgeirsdóttir	220.000	70.000
Gunnar Þór Baldvinsson	140.000	685.000
Hulda Rós Rúriksdóttir	37.500	0
Guðmundur Gunnarsson	0	487.500
Ásgerður Pálsdóttir	0	325.000
Sigurbjörn Sigurbjörnsson	0	100.000
Auður Finnbogadóttir	0	65.000
Ágústa Gísladóttir, formaður fræðslunefndar	875.000	490.000
Kristján Geir Pétursson, formaður réttindanefndar	875.000	490.000
Ólafur Sigurðsson, formaður eigna- og áhættustýringanefndar ...	875.000	490.000

Skýringar, frh.:

3. Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður greinist þannig:	2016	2015
Kostnaður við kynningarátak og lífeyrismál.is *	30.295.956	480.000
Húsaleiga	2.984.933	2.935.039
Annar húsnæðiskostnaður	571.363	546.395
Pappír, prentun, ritföng	1.297.003	1.637.016
Símakostnaður	1.227.085	957.439
Burðargjöld	273.919	226.551
Bækur, blöð, tímarit og fjölmiðlavakt	1.013.248	1.050.906
Aðkeypt þjónusta frá Greiðslustofu Lífeyrissjóða	5.748.270	5.211.582
Aðkeypt þjónusta almennatengla og auglýsingakostnaður	3.361.864	4.635.330
Aðkeypt þjónusta lögfræðinga	845.184	772.890
Aðkeypt þjónusta endurskoðenda	1.098.299	858.669
Aðkeypt þjónusta tryggingafræðinga	5.155.835	853.305
Önnur aðkeypt þjónusta	2.896.791	3.563.162
Ferðakostnaður	1.156.814	1.396.366
Fundir, ráðstefnur, risna og námskeið	4.392.080	4.368.701
Félagsgjöld	1.735.435	1.832.549
Viðhald og gjaldfærð áhöld og tæki	271.441	351.483
Afskriftir rekstrarfjármuna	0	149.097
Starfsmannakostnaður	813.817	1.155.537
Rannsóknir og greining	3.000.000	0
Annar kostnaður	14.774	53.356
Annar rekstrarkostnaður samtals	<u>68.154.111</u>	<u>33.035.373</u>

* Undir kostnað við kynningarátak og lífeyrismál.is fellur kostnaður við framleiðslu og birtingu sjónvarps-auglýsingarinnar „Lífeyrissjóðurinn þinn“ og nýr upplýsingavefur sem sameinar vefsíðurnar ll.is, gottadvita.is, lífeyrissgattin.is og vefflugan.is.

4. Áhættufjármunir


Félagið á 7,5% eignarhlut í Eignarhaldsfélagi lífeyrissjóða hf.

5. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Stofnfé	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2016	24.416.897	61.482.216	85.899.113
Tap ársins		(9.017.435)	(9.017.435)
Eigið fé 31.12.2016	<u>24.416.897</u>	<u>52.464.781</u>	<u>76.881.678</u>





LANDSSAMTÖK LÍFEYRISSJÓÐA

Guðrúnartúni 1 | 105 Reykjavík | Sími: 563 6450 | Netfangi: ll@ll.is | Heimasíða: Lífeyrismál.is